





# HRUNAMANNAHREPPUR, FLÚÐIR - MIÐSVÆÐI OG GARÐYRKJULÓÐIR - BREYTING Á DEILISKIPULAGI - FÉLAGSHEIMILISREITUR



Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv.1:2.000



Deiliskipulag eftir breytingu - mkv.1:2.000

## SKÝRINGAR

	Deiliskipulagsmörk		Nýtingarhlutfall		Núv. byggingar		Kvöð um umferð
	Lóðarmörk		Byggingarreitir á lóð		Núv. gróðurhús		Bílastæði - Fjöldi bifreiða
	Lóðarstærð		Fjöldi hæða		Vegur		Göngustígur
							Húsnúmer

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á upprétti loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## Greinargerð með breytingu

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir miðsvæði og garðyrkjulóðir á Flúðum, sem tók gildi með auglýsingu nr. 515 í B-deild, þann 3. júní 2014. Síðan hafa verið gerðar nokkrar breytingar.

Um er að ræða breytingu á opnu svæði sunnan við félagsheimili, vestan við Ungmennafélagsgarð.

## Breytingin felst í:

- Afmörkuð er ný lóð fyrir spennistöð vestan við Ungmennafélagsgarð. Lóðin er 7x8m og á henni er heimilt að reisa spennistöð á 1 hæð. Aðgengi að lóðinni er frá stígnum sem liggur norðan við Ungmennafélagsgarðinn og sunnan við félagsheimilið.
- Afmörkuð er lóð fyrir rotþró/hreinsistöð, 11x30m, sunnan við félagsheimili. Innan lóðar er heimilt að koma fyrir þriggja þrepa hreinsistöð og sandsíu. Aðgengi að hreinsistöð er frá akfærum stíg meðfram Hellisholtalæk.

Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 segir í kafla 2.5.5 um fráveitur, að öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþró og sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Þar segir að gera skuli nánari grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra í deiliskipulagi. Í grein 3.4 um veitur í þéttbýli segir að holræsakerfi skuli vera tvöfalt, skipt í regnvatn og skólp.

## Skilmálar fyrir breytingu:

### 2.12 Fráveita

Áfram verður unnið að uppbyggingu fráveitukerfis sveitarfélagsins innan Flúða og skal það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þar sem ekki er unnt að nýta sameiginlega fráveitu, skal leiða skólp í rotþró með tveggja þrepa hreinsibúnaði.

### 2.13 Spennistöðvar

Ein spennistöð er innan reitsins og er gerð tillaga að lóð um hana. Aðgengi að henni er frá Túngötu.

## Skilmálar eftir breytingu:


### 2.12 Fráveita

Áfram verður unnið að uppbyggingu fráveitukerfis sveitarfélagsins innan Flúða og skal það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þar sem ekki er unnt að nýta sameiginlega fráveitu, skal leiða skólp í rotþró með tveggja þrepa hreinsibúnaði. Lóð fyrir hreinsistöð er sunnan við félagsheimili og er aðgengi að henni frá Túngötu.

2.13 Tvær spennistöðvar eru innan reitsins; önnur með aðgengi frá Túngötu og hin innan félagsheimilisreits, rétt vestan við Ungmennafélagsgarð. Að henni er aðkoma frá akfærum stíg sem liggur norðan við lóðina.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



Hluti úr þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032

HEITI VERKS:  
HRUNAMANNAHREPPUR  
FLÚÐIR - MIÐSVÆÐI OG GARÐYRKJULÓÐIR

HEITI TEIKNINGAR:  
FÉLAGSHEIMILISREITUR  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI

VERKNR:	MKV:	TEIKNING NR:
213-002	1:2000 á A3	1/1
TEIKNAD. AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN:
sg	sg	22. ágúst 2018
YFIRL. / UNDIRSKRIFT:	TEIKN. BREYTT:	